

Var með þessu slitið fyrningu krafanna, og fyrningarfrestur sá, sem þá hófst, er ekki útrunninn enn þá. Litur rétturinn svo á, að aðfararhæfi dóms og sáttanefndarúrskurðar fyrnist ekki sjálfstætt, og haldist því rétturinn til aðfarar samkvæmt þeim svo lengi, sem dóms- eða úrskurðarkrafan er ófyrnd. Hins vegar verður að telja samkvæmt 1. mgr. 4. gr. sbr. 2. tl. 2. gr. laga nr. 14 frá 1905, að vextir af fjárnámskröfunum séu fyrndir, nema vextir fyrir seinustu 4 ár, svo og þeir vextir, sem á voru fallnir, þegar dómurinn og úrskurðurinn voru uppkveðnir.

Að framanrituðu athuguðu, þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu fjárnámsgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola, þó svo, að gerðin verður ekki látin ná til annarra vaxta af fjárnámskröfunum en vaxta fyrir s. l. 4 ár, svo og þeirra vaxta, sem á voru fallnir þegar framangreindur dómur og sáttanefndarúrskurðir voru upp kveðnir.

Eftir atvikum þykir rétt, að sérstakur málskostnaður vegna reksturs fógetaréttarmáls þessa falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fjárnámsgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda, Jóns Dúasonar, en á kostnað gerðarþola, Leifs Th. Þorleifssonar, þó svo, að fjárnám verður ekki gert fyrir öðrum vöxtum en vöxtum af fjárnámskröfunum fyrir s. l. 4 ár, svo og fyrir vöxtum af dómsskuldinni, kr. 7111.17, frá 16. okt. 1933 til 30. desember s. á. og fyrir vöxtum af úrskurðarkröfunni, kr. 68.50, frá 11. marz 1934 til 17. apríl s. á.

Málskostnaður af fógetaréttarmáli þessu, annar en venjulegur fjárnámskostnaður, falli niður.

Fimmtudaginn 27. febrúar 1947.

Nr. 1/1946. **Réttvísinn** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson)
gegn

Geir Emil Jónssyni (Hrl. Ragnar Jónsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Líkamsáverkar.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms svo og þess, að Davíð Davíðsson átti sjálfur nokkra sök á viðureign þeirri, sem í málinu greinir, þykir mega staðfesta hann, að því er

refsingu ákærða snertir, en bætur Davíð til handa þykja af sömu ástæðum hæfilega metnar 8000 krónur.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Geir Emil Einarsson, sæti 2ja mánaða fangelsi.

Hann greiði Davíð Davíðssyni kr. 8000.00.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Ólafs Þorgímssonar og Ragnars Jónssonar, 450 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 29. október 1945.

Ár 1945, mánudaginn 29. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2860/1945: Réttvisin gegn Geir Emil Einarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Geir Emil Einarssyni verkamanni, til heimilis í Þingholtsstræti 3 hér í bæ, til refsingar, greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. ágúst 1924 í Reykjavík. 23. september 1940 sætti hann áminningu fyrir að tvímenna á reiðhjóli, en að öðru leyti hefur hann hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að vitað sé.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Aðfaranótt sunnudagsins 25. marz s. l. hélt deild úr Svifflugfélagi Íslands dansleik í Thorvaldsensstræti 6 hér í bæ. Voru vinveitingar á dansleik þessum. Hafa mörg vitni verið leidd í máli þessu og borið, að mjög mikill drykkjuskapur, ölæði og óeirðir hafi verið á dansleiknum. Við dyragæzlu var þarna af hálfu lögreglunnar Sveinn Stefánsson lögregluþjónn, en af hálfu Svifflugfélagsins ákærði í

máli þessu. Kveðst hann hafa neytt áfengis, en ekki fundið til áhrifa þess. Varð tvívegis að fá lögreglu aðstoð á dansleikinn, í fyrra sinnið kl. rúmlega 12, en í síðara skiptið kl. rúmlega 2 um nóttina.

Á dansleiknum var Davíð Davíðsson stud. med., Freyjugötu 25 A, mjög ölvaður. Skýrir ákærði svo frá málavöxtum, að milli klukkan 1 og 2 um nóttina hafi hann tekið eftir því, að Davíð var að flangsa utan í Guðmund Bjarnason verkamann, Baldursgötu 17, er einnig var þarna á dansleiknum mjög ölvaður. Óttaðist ákærði, að slagsmál mundu verða á milli þeirra, svo að hann gekk til Davíðs og sagði honum, að hann yrði að fara út. Neitaði Davíð því og sagðist ekkert hafa gert af sér. Ákærði ýtti honum þá á undan sér fram í anddyrið og út á götu. Þegar hér var komið, vildi Davíð fá að komast aftur inn til að ná í yfirhöfn sína, svo að ákærði leyfði honum það. Þegar Davíð var aftur kominn inn í anddyrið, neitaði hann að segja til, hvaða yfirhöfn hann ætti, röflaði eitthvað og sagði: „Látið mig ná haustaki á manninum“ og tók ákærða haustaki. Ákærði gat losað sig, ýtti Davíð upp að vegg, hélt honum þar og margspurði hann, hvort hann ætlaði ekki að vera rólegur og segja til, hvaða frakka hann ætti. Braust Davíð um, en við það missti ákærði armbandsúr sitt, og tókst Davíð þá að losa sig og fara úr jakka sínum, en ákærði greip úrið, áður en það datt á gólfið. Klóraði Davíð nú ákærða í andlitið og reyndi að ná haustaki á honum. Ýtti ákærði honum þá upp að borði, sem var þarna rétt hjá, lagði hann upp á það, en þá tókst Davíð að grípa um höfuð hans. Ákærði barði nú Davíð 2 til 3 högg á vinstri kinn. Högginn kveður hann ekki hafa verið mjög mikil, enda hafi hann ekki haft aðstöðu til að slá þung högg. Varð Davíð nú rólegri, og hélt ákærði honum, en í þessum svifum komu lögregluþjónar að og handtóku hann.

Davíð Davíðsson stud. med. skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi farið inn á dansleikinn um 11 leytið laugardagskvöldið 24. marz s. l. ásamt Hannesi Thorsteinssyni, Skólavörðustíg 45. Þá höfðu þeir félagar báðir neytt lítils háttar áfengis, en þó ekki svo, að þeir fyndu til áhrifa þess. Á dansleiknum drukku þeir whisky, og gerðist hann mjög ölvaður. Einhvern tíma um nóttina varð hann var við ryskingar margra manna, en skipti sér ekkert af þeim. Einu sinni var hann sleginn í andlitið lítið högg, en ekki veit hann, hver það gerði, og engin meiðsli kveðst hann hafa hlotið af höggi þessu. Um það bil klukkustund síðar, að því er Davíð telur, varð hann var við, að Haukur Jakobsen, Sóleyjargötu 13, og fyrrgreindur Guðmundur Bjarnason ætluðu að fara að slást, og hafa þeir báðir viðurkennt, að þeir hafi átt þarna í erjum saman. Gekk hann því til þeirra og bað þá að hætta við slagsmál, en þá sló Guðmundur hann einhvers staðar í andlitið. Davíð er þó viss um, að hann hafi ekki hlotið áverka af höggi þessu, og ekkert blæddi úr honum. Í þessum svifum var hann gripinn tókum aftan frá af einhverjum manni, er hann sá

ekki framan í. Maður þessi sagði við hann: „Þú ert staðinn hér að slagsmálum“ og ýtti honum út úr húsinu og út á götu. Davíð fékk þó að fara aftur inn til þess að sækja yfirhöfn sína. Hann kveðst nú hafa farið að mögla eitthvað, þar sem hann hafi verið settur út úr húsinu, en greinilega man hann þó ekki, hvað skeði, þegar hér var komið. Hann kveðst þó minnast þess, að ákærði sló hann í andlitið högg mikið, svo að hann mundi hafa fallið upp á borð, sem stóð í anddyrinu. Uppi á borðinu sló ákærði hann mörg högg á vinstri vanga, en hægri vangi mun hafa numið við borðplötuna. Telur Davíð, að byrjað hafi að blæða úr sér eftir fyrsta höggið, sem ákærði sló hann, enda sprakk þá fyrir á vör. Davíð kveðst minnast þess, að þegar ákærði barði hann uppi á borðinu, spurði hann, hvort Davíð væri búinn að fá nóg. Svaraði Davíð því til, „að nú skyldi hann halda áfram, úr því hann væri byrjaður.“ Lögregluþjónar komu svo á vettvang, handtóku Davíð og færðu hann út í lögreglubifreið. Eftir þetta man hann mjög ólöggt eftir sér, en ekið var með hann á lögreglustöðina, þar sem hann var yfirheyrður af Magnúsi Sigurðssyni lögregluvarðstjóra, sem kveður hann hafa verið lítils háttar blóðugan og þrotinn um munninn, með drykkjuröfl og í æstu skapi. Úrskurðaði Magnús hann því í fangageymslu lögreglustöðvarinnar.

Vitnið Hannes Þórður Thorsteinsson sjómaður, Skólavörðustíg 45, sem var með Davíð Daviðssyni á dansleiknum, hefur borið það, að þeir félagar hafi báðir verið vel kenndir þar. Einhvern tíma um nóttina sá vitnið, að Davíð var sleginn eða frekar danglað í andlitið á honum, en ekki er því kunnugt um, hver þetta gerði, og útilokað telur það, að Davíð hafi hlotið nokkurn áverka við þetta. Í þessum svifum kom dyravörður eða einhver meðlimur Svifflugfélagsins til Davíðs, sagði, að hann væri að slást, og ýtti honum út úr danssalnum og út á götu. Nokkru síðar hafi Davíð fengið að koma aftur inn til að sækja yfirhöfn sína, og hafi hann þá verið rólegur, svo að vitnið fór aftur inn í danssalinn, en það hafði fylgst með Davíð fram í anddyrið. Skömmu síðar heyrði það skruðningar og læti frammi í anddyrinu og fór því þangað. Sá það þá Davíð eins og hálfpartinn liggjandi uppi á borði, og nam annar vangi hans við borðplötuna. Maður nokkur, sem dyragæzlu hafði á hendi, stóð yfir Davíð, en ekki voru þeir í handalögmáli. Þá var Davíð mjög blóðugur í andliti, varir hans bólgnar og sprungið fyrir á þeim. Ekki kveður vitnið mann þann, er stóð yfir Davíð frammi í anddyrinu, vera sama manninn og ýtti honum út úr húsinu, enda hafi það eiginlega verið hópur manna, sem það gerði.

Vitnið Ragnar Einarsson rafvirki, Nönnugötu 4, skýrir svo frá, að það hafi séð, þegar ákærði fór með Davíð Daviðsson mjög ölvadan út úr húsinu. Litlu síðar hafi Davíð svo verið kominn aftur inn í anddyrið, og hafi þeir ákærði og hann þá verið að tuskast. Sá vitnið ákærða slá Davíð, sem var blóðugur um munninn á vinstri

vanga, og setja hann upp á borð, en ekki sá vitnið ákærða slá Davið þar, enda hafi lögregluþjónar komið inn í anddyrið í þessa mund og handtekið hann.

Fyrrgreindur Guðmundur Bjarnason kveðst, sökum þess hve ölv-aður hann var, eigi minnst þess, að Davið Daviðsson hafi verið að flangsa utan í sér, en kveður það þó vel geta verið. Guðmundur var einnig handtekinn þarna á dansleiknum og kærður, en mál hans hefur verið afgreitt sérstaklega með réttarsátt.

Önnur vitni, sem leidd hafa verið í máli þessu og sáu Davið Daviðsson á dansleiknum, þar á meðal lögregluþjónar þeir, er kvaddir voru á vettvang, hafa borið það, að hann hafi verið mjög ölv-aður.

Davið Daviðsson kveðst hafa hlotið mikinn áverka af höggum ákærða, hafi hann marg kjálkabrotnað, tennur í neðri góm skekkzt inn á við og orðið hafi að taka úr honum tvo jaxla. Hann lá í St. Jósefsspítala frá 26. marz til 14. apríl s. l. Kveðst hann hafa verið mjög þungt haldinn fyrstu dagana, svo að gefa varð honum inn deyfandi meðöl, og rúmfastur var hann nokkurn tíma heima hjá sér, eftir að hann kom af sjúkrahúsinu. Þann 25. marz s. l. skoðaði Ólafur Jóhannsson læknir hann á heimili hans og hefur gefið vottorð þess efnis, að Davið hafi þá verið rúmfastur, enda mjög bólgin í andliti, varirnar þrútnar og sprungið fyrir á þeim innanvert. Greinileg skekkja hafi verið á neðri kjálka, því að hann hafi ekki getað þitið tönnunum saman á eðlilegan hátt, enda hafi fundizt greinilega, að um kjálkabrot var að ræða með sprungu niður í vinstri kjálka. Röntgenmynd hafi sýnt, að bæði vinstri og hægri neðri kjálki væru brotnir.

Matthías Einarsson læknir gaf 11. maí s. l. svo hljóðandi vottorð um áverkann: „Davið Daviðsson, 22 ára, til heimilis Freyjugötu 25 A, Rvk, kom hingað á sjúkrahúsið 2% 1945 með Fract. mandilulae dact. et sin complicat.

Er nú farið að grafa kringum jaxlrótina, þar sem v. brotið var, svo búast má við, að hann þurfi einhverrar aðgerðar við, er tefji fyrir batanum.“

Þá hefur Ólafur Helgason læknir gefið eftirfarandi vottorð þann 4. júlí s. l.: „Davið Daviðsson, Freyjugötu 25 A, kjálkabrotnaði í marz s. l. Hann lá í sjúkrahúsi ca. 3 vikur eftir meiðslið, en varð ekki vinnufær fyrr en fyrir 3 vikum síðan. Kjálkinn hefur bólгнаð öðru hvoru, og varð í gær að gera aðgerð til að ná dauðum flisum. Tvær tennur hefur orðið að taka.

Kjálkinn er enn bólgin, og maðurinn ekki orðinn jafn góður.“ Síðustu kjálkaflisina kveður Davið hafa gengið upp úr kjálkanum 29. júlí s. l.

Með eigin játningu ákærða og framburði vitnanna Ragnars Einarssonar, Hannesar Þórðar Thorsteinssonar og Daviðs Daviðssonar er það sannað, að ákærði hafi í umrætt skipti barið Davið Daviðs-

son, og þykir því sannað, að áverkki sá, er Davíð hefur hlotið, stafi af höggum ákærða. Hefur hann með þessu atferli sínu brotið gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Davíð Davíðsson hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér 10000.00 krónur í skaðabætur vegna áverka, þjánainga og vinnutaps, einnig hafi hann tafizt frá námi. Þá þurfi hann að fá sér gerfitennur í stað þeirra tveggja, er taka þurfti. Hann kveðst hafa ætlað að taka efnafræði- og heimspekipróf s. l. vor, en hafi sökum meiðslanna eigi getað það, og verði hann að fresta efnafræðiprófinu til næsta vors, en heimspekiprófinu fram á miðjan næsta vetur. Verður ekki séð, að krafa þessi sé óeðlilega há, þegar tillit er tekið til áverka og þjánainga, röskunar á stöðu og högum, sem Davíð Davíðsson hefur orðið fyrir. Þykir því verða að taka hana að öllu leyti til greina og dæma ákærða til greiðslu þessara skaðabóta. Vaxta hefur eigi verið krafizt.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Nokkur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa, en hann stafar af miklum önnum og sumarleyfi rannsóknardómarans.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Geir Emil Einarsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Hann greiði Davíð Davíðssyni kr. 10000.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 28. febrúar 1947.

Nr. 150/1946. Óliuverzlun Íslands h/f

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

Hreppsnefnd Blönduóshrepps f. h. hreppsins

(Hrl. Theódór B. Lindal).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Útvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. nóvember f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m.